

Hafnarfirði 02.09. 2019.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri.

Málefni: Tenging suðursvæða og hlutur Hafnarfjarðarbæjar í söluandvirði byggingaréttar á Geymslusvæðinu.

Vísað er í fyrri samskipti um nefnda tengingu og mikilvægi þessarar tengingar áréttuð.

Í samningi milli Geymslusvæðisins ehf., og Hafnarfjarðarbæjar um uppbyggingu iðnaðarsvæðis við Reykjnesbraut er kveðið á um 5% hlut Hafnarfjarðarbæjar í söluandvirði byggingaréttar á þeim iðnaðarlóðum sem eru á eignarlandi Geymslusvæðisins. Auk þess er lóðunum síðan afsalað til Hafnarfjarðarbæjar sem gefur út hefðbundna lóðarleigusamninga til kaupenda. Þessi ferill hefur þegar farið í gang og nú stendur til að ganga frá fyrsta uppgjöri.

Áætluð fjárhæð er um 20 milljónir að þessu sinni, sem kemur til greiðslu á næstu vikum. Auk þess má búast við frekari greiðslum á næstu misserum í takt við sölu iðnaðarlóðanna. Heildarfjárhæðin sem Hafnarfjarðarbæ áskotnast með þessum samningi gæti numið allt að 100 milljónum, skv., núverandi verðlagningu lóðanna. Verðlagningin er og hefur verið hin sama hjá Geymslusvæðinu og Hafnarfjarðarbæ, og hefur ríkt gagnkvæmur skilningur að hrófla ekki við því með undirboðum og þess háttar.

Við hjá Geymslusvæðinu ehf., óskum eftir því að þetta fé verði eyrnamerkt þeirri gatngerð sem nauðsynlegt er að fara í á nefndu suðursvæði, enda mikilvægi þeirrar tengingar algjört út frá öryggisjónarmiðum.

Afrit bréfs sent á:

Helgu Stefánsdóttur, Helgu Ingólfsdóttur, Rósu Guðbjartsdóttur, Ágúst Bjarna Garðarsson og Ástvald Óskarsson.

Virðingafyllst;

Sign; Ingvar Guðmundsson.